

SKÝRSLA STJÓRNARFORMANNS 2008

FUNDIR STJÓRNAR

Á liðnu starfsári hélt stjórn SAM 9 bókaða fundi auk aðalfundarins sem haldinn var 2. mars. Á öllum stjórnarfundum er farið yfir stöðu í mjólkurframleiðslu og einnig sölu mjólkur og mjólkurvara. Birgðahald metið og farið yfir framleiðslu- og söluáætlanir. Auk framleiðslu-, sölu- og birgðamála, voru einnig aðrir málaflokkar til umfjöllunar á stjórnarfundum samtakanna. Þar má nefna verðlagsmál, skipulagsmál mjólkuriðnaðarins, Rannsóknarstofu SAM, breytingar á skipulagi mjólkureftirlits og neyðarþjónustu, kaup á mjólk umfram greiðslumark og útflutningsmál mjólkurvara. Einnig var nokkuð fjallað um réttarstöðu mjólkuriðnaðarins, WTO samninga, erlend samskipti, fjölmiðlamál og skipan í ýmsar nefndir á vegum SAM.

FRAMLEIÐSLA OG SALA MJÓLKUR OG MJÓLKURVARA

Íslandsmet var sett í mjólkurframleiðslu á síðasta almanaksári. Innvigtun nam samtals 124,8 millj. lítrum, en framleiðsla ársins 2006 var 117 millj. lítra. Það er 7,8 millj. lítra aukning, eða 6,6% frá fyrra ári. Greiðslumark verðlagsársins 2005/2006 var ákveðið 111 millj.ltr. sem var aukning um 5 millj. lítra, frá verðlagsárinu 2004/2005, eða úr 106 í 111 millj. ltr. Greiðslumark 2006/2007 var ákveðið 116 millj. lítra, sem var 5 millj. lítra aukning annað árið í röð. Á yfirstandandi verðlagsári er greiðslumark mjólkur 117 millj.lítrar.

Á síðasta verðlagsári var ákveðið að greiða framleiðendum fullt afurðastöðvaverð fyrir alla mjólk framleidda umfram greiðslumark annað árið í röð. Mjög mikil mjólkurframleiðsla hefur sett aukinn kraft í markaðssetningu erlendis þar sem verð hafa hækkað til muna. Mjólkurframleiðsla helst ennþá mikil og eru allar líkur á að hún gæti numið a.m.k. 120 millj. lítrum á yfirstandandi verðlagsári 2007/2008 þótt blikur séu á lofti vegna mikilla hækkana á ýmsum rekstrarvörum mjólkurframleiðenda eins og á kjarnfóðri og áburði.

Þegar borin eru saman síðustu ár, kemur í ljós að talsverðar sveiflur hafa verið í sölu einstakra vöruflokka. Þannig er áframhaldandi söluaukning í viðbiti og í ostum, en mestur samdráttur í sölu á drykkjarskyri. Umreiknuð sala á próteingrunni nam 114,9 millj. lítrum sem er 1,48% aukning f.f. ári. Umreiknuð sala á fitugrunni var 108,7 millj. lítra, og samsvarar það 4,65% söluaukningu milli ára. Er hér um að ræða glæsilegan árangur í markaðs- og sölustarfi.

Verðlagsárið 2007/2008 er efnainnihald viðmiðunarmjólkur 4,00% fita og 3,35% prótein. Meðal efnainnihald mjólkur á árinu 2007 var 4,02% fita og 3,36% prótein. Verðlagsárið 2006/2007 var fituinnihald meðalmjólkur 3,99% og 3,33% prótein.

Umreiknuð birgðastaða í árslok nam 22,0 millj. lítrum á próteingrunni sem er veruleg aukning frá fyrra ári. Útflutningur á próteinhluta mjólkur nam 3,9 millj.lítra. Umreiknaðar birgðir fitu voru 15,8 millj. lítrar en þær eru jafnaðar með reglubundnum útflutningi á smjöri. Útflutningur á fituhluta mjólkur nam 14,4 millj.lítra.

INNFLUTNINGUR OG ÚTFLUTNINGUR MJÓLKURVARA

Útflutningur mjólkurvara jókst um 65% milli ára, heildarútflutningur fór úr 609 tonnum árið 2006 í 1.008 tonn 2007. Útflutningur ferskvöru rúmlega tvöfaldaðist en viðbits- og ostaútflutningur jókst minna. Einnig voru 200 tonn af undanrennudufti flutt út.

Umreiknað á fitugrunn nam útflutningur árið 2007 um 14,4 millj. lítrum á fitugrunni og 3,9 millj. lítrum á próteingrunni. Aukning frá árinu 2006 reiknað í mjólk m.v. fitu nam 23,5% en 265% reiknað í mjólk miðað við prótein.

Á árinu 2007 varð um 25% aukning í magni á innflutningi mjólkurvara. Sú aukning samsvarar um 60 tonnum af vörum. Í lítrum talið, á próteingrunni, var aukning innflutnings um 19%, en aukningin var um 30 tonn af ferskvöru og 30 tonn af ostum.

VERÐLAGSMÁL MJÓLKUR.

Í október 2006 var ákveðið að heildsöluverð á mjólkurvörum skyldi standa í stað næstu 12 mánuði. Ákvörðunin var tekin undir miklum þrýstingi um lækkað matvælaverð í landinu og tilkynnt samhliða aðgerðum ríkisstjórnarinnar til lækkunar matvælaverðs. Þessi ákvörðun var bæði umdeild og erfið fyrir mjólkurframleiðendur og afurðastöðvar, þar sem aðföng og ýmsir rekstrarliðir höfðu verið að hækka mikið. Samhliða ákvörðun um verðstöðvun út á markaði var gefin út yfirlýsing um að mjólkuriðnaðurinn tæki á sig hækkun mjólkurverðs sem næmi launalið verðlagsgrundvallar kúabús. Í samræmi við þá yfirlýsingu hækkaði lágmarksverð afurðastöðva til mjólkurframleiðenda um 2 kr. pr. ltr. 1. október 2006, um 1,19 kr. pr. ltr. 1. júní 2007 og enn um 0,62 kr. pr. ltr. 1. nóvember 2007. Hækkun hráefniskostnaðar mjólkuriðnaðarins vegna þessara hækkana nam um 346 milljónum króna árið 2007.

Verðlagsnefnd búvöru tók ákvörðun um hækkun heildsöluverðs mjólkurvara um 2,8 – 3,5% 1. janúar 2008. Heildsöluverð mjólkurvara hafði þá ekki hækkað í tvö ár, eða ekki frá 1. janúar 2006.

HAGRÆÐING Í MJÓLKURIÐNAÐI.

Fyrsta starfsár Mjólkursamsölunar ehf. er nú að baki og hafa flestar áætlanir gengið vel eftir. Markvist er unnið að endurskipulagningu ýmissa framleiðsluþátta sem eiga að leiða til verulegs sparnaðar í rekstri en talsverður stofnkostnaður fylgir miklum breytingum sem munu skila sér vel síðar. Þá mun flutningur starfseminnar á Bitruhálsi 2 yfir á Bitruháls 1 skila góðum sparnaði.

Með stofnun Mjólkursamsölunnar ehf. fluttist verulegur hluti þeirra verkefna, sem áður voru í umsjón SAM, til Mjólkursamsölunar ehf. Bjarni R. Brynjólfsson verður áfram starfsmaður samtakanna, en f.o.m. 1. janúar 2008 gegnir stjórnarformaður Magnús H. Sigurðsson verkefnum framkvæmdastjóra að hluta.

Þann 1. október 2006 sameinaðist Rannsóknarstofa Mjólkuriðnaðarins (RM) Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Heitir nú Rannsóknarstofa SAM. Flutti stofan starfsemi sína í febrúarbyrjun 2008. Mælingarstarfsemin flutti að Bitruhálsi 1, en gerlarannsóknirnar eru fluttar í húsnæði MS á Selfossi og er af því góð hagræðing. Með sameiningunni hafa náðst samlegðaráhrif til sparnaðar, einkum í stjórnun, bókhaldi og fjárreiðum. Stór þáttur í þeirri ákvörðun að RM var sameinað SAM, var að halda fjárreiðum aðskildum frá mjólkurvinnslunni, og með því að skapa skilyrði til að beina hluta af núverandi markaðstruflandi stuðningi

ríkissjós við greinina, yfir í rannsóknir og eftirlit. Sá stuðningur skilgreinist sem grænn ómarkaðstruflandi stuðningur. Það sama á við um mjólkureftirlit sem SAM tók við 1. maí 2007 og neyðarþjónustu sem SAM tók við 1. desember 2007. Sú þjónusta er í endurskoðun og mótun.

MARKAÐSNEFND MJÓLKURIÐNAÐARINS.

Ný Markaðsnefnd sem hóf störf í febrúar 2007 starfaði með nokkuð öðru sniði en fyrri nefndir. Á síðustu mánuðum ársins 2006 vann þáverandi nefnd að endurskipulagningu starfseminnar í takt við þær breytingar sem voru að verða á íslenskum mjólkuriðnaði og var þeirri vinnu lokið í janúar 2007. Breyting varð síðan á starfsemi nefndarinnar í febrúar 2007 en þá færðist stór hluti verkefna hennar yfir til Mjólkursamsölnnar. Eftir hjá nefndinni urðu samningsbundnar skuldbindingar sem vara út árið 2008. Þessi samningsbundnu verkefni varða Beinvernd, Kaffibarþjónafélag Íslands, Klúbb matreiðslumanna, ÍKFÍ og lífsstílsrannsóknir Kennaraháskólans. Auk þess tók nefndin þátt í fjármögnun á gerð nýrra mjólkurauglýsinga og hefur einnig gert sér far um að fylgja þeim verkefnum úr hlaði sem færðust yfir til Mjólkursamsölnnar. Fundir nefndarinnar hafa sértaklega verið nýttir sem upplýsingavettvangur.

Við breytingarnar fækkaði fulltrúum í nefndinni. Nefndin var frá því í febrúar skipuð þremur fulltrúum sem skipaðir voru af SAM og einum sem tilnefndur var af Landssambandi kúabænda.

Í nefndinni sem lauk störfum í janúar 2007 voru:

Magnús Ólafsson, formaður nefndarinnar
Baldur Jónsson
Guðbrandur Sigurðsson
Baldur Helgi Benjamínsson
Hólmgeir Karlsson

Ennfremur starfaði einn varamaður Sigurður Mikaelsson með nefndinni sem lauk störfum í janúar. Eldri nefndin hélt 1 bókaðan fund á árinu.

Í nefndinni sem tók til starfa í febrúar 2007 voru:

Magnús Ólafsson, formaður nefndarinnar
Baldur Jónsson
Baldur Helgi Benjamínsson
Björn S. Gunnarsson

Nýja nefndin hélt 6 bókaða fundi á árinu en gert er ráð fyrir því að fundir séu haldnir í öðrum hverjum mánuði.

SAMSTARFSNEFND SAM OG BÍ.

Samstarfsnefndin hélt ekki fund á árinu. Meginhlutverk nefndarinnar hefur verið að gera tillögur til ráðherra um úthlutun rekstrarstyrkja til afurðastöðva og um ráðstöfun fjármagns vegna jöfnunar á flutningskostnaði mjólkur að afurðastöð og millisvæðaflutninga milli afurðastöðva. Með þeim skipulagsbreytingum sem orðið hafa í mjólkuriðnaði féllu þessi verkefni niður.

Ekki er búið að staðfesta þær breytingar á búvörulögum, nr. 99/1993, vegna Verðmiðlunarsjóðs mjólkur, sem stefnt var að samhliða verðlagningu mjólkur 1. janúar 2006. Vegna þessara tafa gerði nefndin m.a. tillögur til ráðherra um ráðstafanir til endurgreiðslu verðmiðlunarfrjá fram að því að lögum um Verðmiðlun verði breytt.

Að lokum vil ég þakka meðstjórnendum, starfsmönnum SAM og þeim sem hafa komið að störfum samtakanna á árinu, fyrir mjög gott samstarf. Einnig fulltrúum Bændasamtaka Íslands og Landssambands kúabænda, fulltrúum Landbúnaðarráðuneytis og öllum þeim aðilum í íslenskum mjólkuriðnaði, sem hafa komið að málefnum samtakana á liðnu ári.

Magnús H. Sigurðsson, stjórnarformaður